


NOVEMBER. 1967.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



EFNISYFIRLIT:

Bls.

Markverð draumlifun og sýn til þess sem verða má,	
Helgi Pjeturss.	3
Lækningasambönd, Ingvar Agnarsson.	4
Draumur Halgríms Lúðvíkssonar.	6
Enn um gamla athugun, Þorsteinn Jónsson.	8
Tvennskona skilningsviðleitni, Þorsteinn Jónsson.	9
Draumur, Ingvar Agnarsson.	10
Fundargerðir.	11
Eftirmáli.	15

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfstöðum, Borgarfirði

FORSÍÐUMYND - STÆRÐ SÓLSTJARNA.

Tekist hefur að mæla stærð og þyngd sólstjarna. Stærð þeirra er ákaflega misjöfn, en þyngd þeirra eða efnismagn er ekki að sama skapi mismunandi. Okkar sól er talin vera af meðalstærð.

Betelgeuse, sem er efsta stjarnan til vinstri í stjörnumerkinu Orion, er svo stór, að væri hún staðsett í miðju sólkerfi okkar mundi yfirborð hennar ná út fyrir braut Mars.

Enn stærri er stjarnan Antares í Sporðdrekamerkinu, en þvermál hennar er um 1,5 sinnum þvermál jarðbrautarinnar.

Eina af stærstu sólstjörnum, sem mældar hafa verið er stjarnan Mila í Stjörnumerkinu Cetus, en þvermál hennar er 400 sinnum meira en þvermálsólarinnar.

Þyngd eða efnismagn sólstjarna fer ekki alltaf eftir stærð þeirra. Mjög stórar stjörnur eru stundum litlu efnismeiri en okkar sól.

Aftur á móti eru einnig til dvergstirni, sem hafa mjög mikið efnismagn. Er efni þeirra sumra, svo mjög samanþjappað að efni í eitt vatnsglas mundi vega um 12 smálestir. Sólstjarnan Síriús hefur einn slíkan fylgihnött. Er sá hnöttur um 40 þús. km. í þvermál, en eðlisþyngd hans er um 60 þús. sinnum meiri en vatn. Þessi stjarna gengur um Síriús á 49 árum, og er fjarlægð milli þeirra svipuð og milli Sólarinnar og Úranusar.

Furður himingeimsins eru mjög fjölbreyttar, og er við athugum stjörnugeiminn og kynnum okkur hann, hlýtur hugur okkar að lyfta sér til flugs, frá hinum þrönga heimi, sem við lifum í, og þeim önnum, sem hversdagslega tengja okkur honum.

Stjörnur himingeimsins hafa frá ómunatíð verið mönnum mikil ráðgáta og mikið rannsóknarefni. En nú, þegar í fyrsta sinn í sögu heimsins, hillir undir þann möguleika að takast megi lífsambönd við lengra komna íbúa annara hnatta, verður stjörnugeimurinn þá fyrst að ráði áhugaverður.

Ingvar Agnarsson

6. nóv. 1967.

MARKVERÐ DRAUMLIFUN OG SÝN TIL ÞESS SEM VERÐA MÁ.

Það hafði verið óvenju fagur ágústdagur. Ég hvíldi í tjaldi mínu á bakka hins stærsta vatnsfalls á Íslandi og svaf. Og í draumi var ég staddur á stræti stórborgar nokkurrar. Aðeins lauslega veitti á eftirtekt eitthvað ókunnuglegum andlitum fólks, sem ég mætti. Bráðlega varð mér svo ljóst, að ég var staddur út á landi í nágrenni borgar. Og nú hóf ég mig á loft og sveif áfram. Kom mér það fyrir eins og eitthvað venjulegt og algjörlega eðlilegt að hreyfa mig þannig úr stað. Og vitund mín færðist út, eins og í draumum gerist. Það var dásamlegt kvöld undir stjörnumglituðum himni. Athygli mín varð algjörlega bundin hinni stirndu hvelfingu. Snöggvast varð mér þó alveg ljóst, að sjálfur var ég ekki svífandi í lausu lofti að athuga stjörnur, heldur aðeins liggjandi í tjaldi mínu og í fastasvefni. En aftur bráðlega þóttist ég svífa ofar jörðu í hinni undursamlega rósömu gleði og með hinn mikla áhuga við að athuga himininn. Okunnur himin var þetta. Það voru ekki hinar venjulegu stjörnur og stjörnumyndir, sem þar glitruðu. Og æ bættist þarna eitt og annað við, sem ég á mínum venjulega himni aldrei hafði séð, stjörnuþyrpingar hjúpaðar dauflýsandi skýjaslæðum, sem hlutu að tilheyra hinu fjarlæga geimrúmi en ekki gufuhvolfi jarðar. Óvænt ljósfyrirbæri, slíkt sem aldrei verður séð á himni vorrar jarðar, kom þarna fram á eina hlið. Voldugur, rauðgulur ljósbogi hófst út við sjóndeildarhringinn beint í loft upp, og var ljósmagn hans mjög margfalt á við ljósmagn norðurljósa. Í heild sinni reis ljósbogi þessi kyrrlátlega til himins, bylgjaðist ekki til og frá eins og norðurljós gera. Þó hófust lítillega út frá yfirborði hans lágur, gulrauðar logakeilur. Undursamleg var þessi skynjan, nærri því svo ljós og greinileg og skynjan vökuvitundar. Og þá varð hér endi á, ég vaknaði.

Fyrir þann, sem árum saman hefir vitað um eðli draumlífsins, er í aðalatriðum auðvelt að gera sér grein fyrir svona reynslu. Þú einhverrar mjög fjarlægrar jarðstjörnu hefir þarna fært sér í nyt óvenjulega hagstæða aðstöðu til að koma mér í samband við sig og hjálpa mér þannig áleiðis í skilningsviðleitni minni, og var þetta hliðstætt því fræga dæmi, þegar efnafraeðingurinn, Keklé fékk samskonar hjálp til að uppgötva þýðingarmikla efnafraeðireglu. Eftir að hafa dreymt þennan draum, fór ég að sjá fram á, að draumlífið stafar aðallega af áhrifum draumgjafa þannig, að vitund draumþegans vikir fyrir vitund hans. Og sá skilningur á draumlífinu kom mér á leiðina fram.

Hin þýðingarmesta útsýn er það, sem veitist fyrir þennan þekkingarauka, því að hér er fundinn lykillinn að undirrot trúarbragða, leynifræði og hinna ýmsu fyrirburða. Ljóst verð-

ur nú, að það sem menn höfðu haldið vera líf í andaheimi eða goðheimi, var einungis lífið á öðrum stjörnum.

Undursamlegir eru möguleikar sjálfs draumlífsins. Þannig má verja svefnstundunum til að njóta útsýnis um alla heima. Og ekki einungis með augum draumgjafa síns má veitast það að kanna og skoða aðrar jarðstjörnur, heldur einnig í eigin líkama. Hvortveggja má verða, að draumgjafinn líkamist hér og að hinn sofandi maður líkamist á jörð draumgjafa síns. Fyrir kraftaukningu í lífheimi vorrar jarðar, bætt lífernri og hugarfar, gætu hér komið fram dýrðlegir gestir og dvalið um stundarsakir. Og ein afleiðing þessarar gagngerðu breytingar mundi verða nýtt líf á jörðu vorri, líf, sem taka mundi langt fram öllu því, sem hér hefir bezt verið og ofurmannlegast.

Dr. Helgi Pjéurss (Framnýall)

LÆKNINGASAMBÖND.

Miðvikudaginn 15. febr. 1967, kl. 3 e.h. fór ég, ásamt ásamt konu minni og fleira fólki á lækningafund hjá enska miðlinum Horace Hambling.

Er ég var seztur í stól fyrir framan hann, spurði hann, hvað að mér væri, en ég svaraði að stundum væri mér illt í baki. Hann þuklaði um bakið á mér og fann strax þann stað, sem ég hef oft þraut í. Hann sagðist ætla að finna þann stað, sem þrautin ætti e. t. v. upptök sín í, því oft væru upptökin annarsstaðar. Hann þreyfaði uppeftir bakinu og sagði að þarna væru tveir hryggjarliðir skakkir. Ég vil geta þess, að er ég var unglingur, athugaði læknir hrygginn í mér, vegna verks í baki, og fann að einmitt þarna, voru tveir liðir skakkir. Miðillinn sagði að þessa skökku liði þyrfti að rétta við, og mundi hann reyna það. Svo færði hann hendurnar niður á mjóhrygginn, þar sem ég hef stundum þreytuverk. Hann sagði, að þetta hefði orsakast að slysi, og sagði ég að það mætti til sanns vegar færa. Hann sagði að þetta væri ekki í hryggjarliðum heldur í vöðvum á þessum stað. Þetta mun vera rétt, því um tognun mun hafa verið að ræða. Miðillinn sagðist nú ætla að veita mér byrjunarlækningu, en á næstunni mundi hann reyna að lækna mig á hverri nóttu. Síðan studdi hann með fingrum á auma blettinn, og fanst mér streyma frá snertingu hans svo mikill hiti, að slíkt hef ég ekki reynt frá snertingu nokkurs manns. Það var ekki ólík tilfinning eins og heitur bakstur eða hitapoki væri lagður við hrygginn á mér. En þessu fylgdi þó meiri vellíðan. Þessi góða hitatilfinning hélst í marga klukkutíma, en smádofnaði.

Miðillinn lýsti nokkuð aðferð þeirri, sem þeir nota, til að fá örugga og skjóta sjúkdómsgreiningu. Hann sagði að vel gætu þeir notað miðilinn einan, sem hjálpartæki, í þessum tilgangi. En það tæki nokkuð langan tíma. " Þess vegna " sagði hann " setjum við hann í samband við sérstakt áhald hér, sem við getum lesið á, og samstundis getum við séð, allt sem að sjúklingnum gengur ".

Ef þetta er rétt skilið hjá mér mætti draga af þessu merkilegar ályktanir. Ég gæti hugsað mér, að sjúkdómsgreining og lækning fyrir lífgeislasambönd, fari stundum fram eitthvað á þessa leið :

Miðill og fundargestir hérna megin komast í samband við sambandsverur á öðrum hnetti, sem vitandi vits, taka þátt í að senda lækningu hingað. Þarna gæti verið um að ræða lækna, og aðra sem þátt taka í tilrauninni. Stundum gæti e. t. v. verið um að ræða mikinn hóp samstilltra, þroskaðra vera, sem saman væru komnir í sérstakri stofnun, sem til slíks sambands væri ætluð, svo sem stjörnusambandstöð. Einn (eða fleiri) fundargesta hefðu það sérstaka hlutverk, að setja sig í náið lífsamband við þann sjúkling hér, sem sjúkdómsgreining og lækning skyldi reynd við. Hann kemst í náið samband við sjúkling okkar, eða m. ö. o. hann tekur á sig um stundarsakir sjúkdómseinkenni þau og e. t. v. þjáningar, sem hinn jarðneski sjúklingur er haldinn af. Læknar þeirra geta þá rannsakað með allöruggum hætti sjúkdómseinkenni þeirra, sem stafa frá hinum jarðneska sjúklingi. Þeir geta þá jafnvel notað ýms áhöld til sjúkdómsgreiningarinnar, og mundi það mjög flýta fyrir niðurstöðu, eins og fram kemur af orðum miðilsins, hér að framan. Einnig gæti þá vel komið til greina, notkun ýmissa lækninga-áhalda, sem áhrif hafa á þann, sem sambandssjúkur er um stundarsakir. Vegna sambands hans við hinn jarðneska sjúkling berast þessi áhrif samstundis til hins síðarnefnda og stuðla að lækningu hans. Skygnir huglæknar, sjá oft andlega lækna beita slíkum tækjum, t. d. geyslum, sprautum o. fl. og sjá þá jafnvel gera uppskurði á sjúklingum sínum. Ekki mun þó vera um að ræða bein- ar lækningaaðgerðir við hinn jarðneska sjúkling, heldur munu áhrifin frá slíkri aðgerð á sjúklingi eða sambandssjúklingi á öðrum hnetti, berast til sjúklingsins á okkar jörð. Oft eru þessi áhrifasambönd svo sterk, að sár eða ör eftir skurðaðgerð sjást á líkama sjúklingsins. Stundum virðast þessi sár ekki gróin, en oftast fullgróin, og sjást oft sem ör, stundum þannig að náls- spor sjást í. Þessi ör eru oftast á þeim stað, sem veikir hefur verið. Bendir það til að aðgerð hafi verið gerð á sjúklingi á öðrum hnetti, sem liðið hefur af nákvæmlega samskonar sjúkdómi. Þó gæti ég einnig látið mér detta í hug, og tel það raunar líklegra í sumum tilvikum, að sambandsvera jarðnesks sjúklings, eða sá sem um stundarsakir tekur á sig sjúkdóm hans

Í þar til ætlaðri stofnun eða sambandsstöð, gangist í raun og veru undir lækniáðgerð, svipaða þeirri sem lækna hér mundu þurfa að framkvæma, til þess að lækna viðkomandi sjúkdóm. Sár sambandsverunnar munu gróa mjög fljótt, eftir áðgerðina. Einnig þessvegna er samsvarandi sár hins jarðneska sjúklings okkar nær alltaf vel gróið er hann vaknar, því oftast mun slíkt gerast í svefni, og stundum dreymir hann hvað var að gerast. Og hefur hann þá haft draumsamband, við vin sinn á öðrum hnetti, sem lagði þetta á sig, til að hjálpa honum.

Við megum vera viss um að vinir okkar á öðrum hnöttum eru alltaf reiðubúnir til að hjálpa okkur og eru jafnvel fúsir til að taka á sig þrautir okkar eða gangast undir lækniáðgerð, ef verða mætti okkur til hjálpar. Okkar er að bæta svo aðstöðuna hér, að við megum njóta þeirrar hjálpar, sem svo mjög er ósk- að að veita okkur.

Ingvar Agnarsson

15/2, 1967.

DRAUMUR HALLGRÍMS LÚÐVÍKSSONAR.

14.1. 1958.

Í nótt dreymdi mig skýran draum sem stendur lifandi fyrir mér - þó eru komnar gloppur í hann núna (kl. 9.15), en þegar ég vaknaði kl. 8, fannst mér ég hafa yfirsýn yfir allan drauminn. "Ég var á siglingu frá Íslandi til útlanda á skipi, sem ég kallaði Gullfoss í draumnum, en það var miklu ljótara en sá fíni Gullfoss Eimskipafélagsins, og miklu minna að ég held. Þarna var ég í félagsskap með mörgu fólki, en man bara ljóslega eftir einni stúlku, dóttur mektugs útgerðar- manns, sem ég kynntist forðum daga vestur í Ameríku, og nú er gift lögfræðingi. Var nú komið til borgar einnar, sem ég í draumnum kallaði Brüssel, en var þó ekki eins og sú Brüssel, sem ég sá í Belgíu forðum. Þessi drauma-Brüssel var miklu hæðóttari öll. Hélt nú allur hópurinn í land og upp í kastala einn mikinn á hæðinni, þar sem listasafn borgarinnar var. Eftir litla stund er ég orðinn svo óánægður með málverkasafnið, þar sem ekki voru nema ómerkilegustu náúralisma-málverk, og þaðan af verra, að ég sný burt í fússi, og legg einn af stað niður í borgina. Þegar ég er kominn langleiðina niður eftir, dettur mér í hug, að einhverntíma hefði ég heyrt þess getið, að í Brüssel væri að finna mörg frábær nútíma-listaverk. Sný ég því við og labba upp að kastalanum aftur. Þegar þang- að kemur uppgötva ég, að ég er staflaus og dettur þá í hug,

að ég muni hafa lagt stafinn frá mér, þegar ég sneri við upp-
eftir aftur (til skýringar skal þess getið, að ég varð mér þess
ekki vitandi að ég gengi með staf, eða þyrfti stafs með, fyrr
en ég hafði lokið hinni erfiðu göngu upp kastalahæðina í annað
sinn). Nú koma einhverjir upp hæðina á eftir mér, og höfðu
stafinn (stafina tvo?) með sér.

Nú hófst mikil leit um safn-kastalann að deild nútíma-
listar og gekk erfiðlega. Hélt ég fyrst einn í langa för um
allskonar rangala og fann ekkert nýtilegt nema eitthvað af íkon-
um (helgimyndum) og annarri kirkjulist. Sá ég fátt fólk eða
ekkert á þessari göngu minni. Sný nú við þangað sem safn-
gestir og verðir eru. Slæst næst í för með mér ljóshærð,
frekar lágvaxin stúlka. Einn gamall safnvörður, sem talar
dönsku, vísar okkur nú þangað, sem hann segir nútíma-mál-
verk vera. Eitthvað var þar af myndum, en heldur ómerki-
legt, að mér fannst, og flestar hlægilega litlar, margar ekki
stærri en póstkort. Lagskona mín fellir nú óvart niður af
vegg nokkur af þessum smá-málverkum. Snúum við nú við og
höldum til útgangsins, og hverfur stúlkan mér sjónum.
Þegar ég ætla út er ég stöðvaður af öldungi í hvíttri skikkju
(vel að merkja þá fundust mér safnverðirnir vera einhvers-
konar múnkar og ganga í síðum skikkjum) sem lagði fyrir mig
lista og spurði mig (á íslenskuað mér finnst) hverjum af
kirkjugripum þeim, er á listann voru skráðir, ég hefði stolið
í fyrstu ferð minni er ég fór einn um safnið. Átti ég fá svör
við þessu, mundi ekki eftir að ég hefði stolið neinu. Mundi
þó að mér hefði flogið í hug, að hægðarleikur væri að stinga
einhverjum af litlu málverkunum í vasann. Einhvernveginn
leystist nú úr þessu.

Næst er ég að tala við samferðafólk mitt hvort Gullfoss
muni nú ekki halda áfram til Kaupmannahafnar eins og venja
væri. Svarið var játandi en því bætt við að skipið myndi
hafa viðkomu á Eskifirði. Þótti mér það stór krókur og var
þá hlegið að mér fyrir heimskuna. Og síðan vaknaði ég".

Draum þennan sem góðvinur minn og skólabróðir áður
skrifaði upp nýdreymdan og sendi mér samdægurs, fann ég nú
þegar ég var að leita að öðru uppi á háalofti þar sem gömul
bréf mín eru geymd, og fannst mér hann það eftirtektarverður
og vel sagður að vel mætti birta hann. Það kemur glögglega
fram hve myndlistaráhugi er ríkur í draumnum og þykir mér
líklegt að það sé ekki eingöngu að rekja til samsvarandi áhuga
hjá Hallgrími sjálfum, heldur einnig til stilliáhrifa. Hallgrím-
ur bjó á heimili foreldra sinna og faðir hans var skólastjóri
við myndlistarskóla, og sjálfur var hann alltaf í einhverjum
tengslum og snertingu við þann skóla, að því er mig minnir.
Tíz kubundnir dómur um myndlist (natúralisma, þ. e. að mála

nákvæmt), munu hafa verið ríkjandi í því umhverfi, en reyndar mun félagi minn einnig hafa hallazt að þeirri stefnu. - Lög-
mál rangþýðinganna lýsir sér þar sem hann getur þess að hann hafi saknað stafs síns - en hann var bæklaður vegna lómunar-
veiki. Hann varð þess ekki var að hann þyrfti á staf að halda, fyrr en undir lok draumsins, og þá er ekki um einn staf að ræða heldur tvo. Það mun vera eitthvað annað og óskýlt atvik í draumnum sem vekur upp þessa minningu draumþegans, en sjálft það atvik kemur ekki nægjanlega skýrt fram til þess að hann átti sig á því.

D. G.

ENN UM GAMLA ATHUGUN.

Það var vorið 1909 að ég gerði athugun þá, sem ég síðar hefi talið vera hina merkustu. En athugunin var sú, að eftirskynjanir, sem svo eru kallaðar, eru það í rauninni ekki, heldur rangþýðingar á raunverulegum skynjunum. Get ég um þessa athugun í "Samtölum" mínum og ef til vill víðar, og er hún nánar sagt á þá leið, að fjárjarmur, sem ég þóttist hafa fyrir eyrum eftir að hafa verið við rekstur lambfjár í 12 til 18 klukkustundir, var mér því aðeins fyrir eyrum, að ég heyrði eitthvert raunverulegt hljóð, og varð mér þetta þó ekki ljóst fyrr en ég var kominn heim og háttadur niður í rúm. Tók ég þá eftir því, að þessi jarmur, sem enn var mér fyrir eyrum, var það aðeins, þegar gola þaut í opnum glugga. Hætti jarmurinn alltaf, þegar þytinn lægði, en kom svo aftur, þegar þyturinn óx eða varð vel heyranlegur, og er þetta eitt af því, sem styður það mjög sterklega að draumur sofandi manns muni aldrei verða til án áhrifa að utan. Ut frá þessari athugun má í rauninni álykta, að skynjan eigi sér aldrei stað án þess að eitthvað hafi raunverulega verið skynjað, og er það hið þýðingarmesta undirstöðuatriði, að mönnum auðnist að gera sér þetta ljóst. En til viðbótar því, sem ég áður hefi sagt frá þessari athugun minni, sem ég nú tel svo þýðingarmikla, skal geta þess nú, að maður nokkur þjóðkunnur var staddur sem gestur heima hjá mér, þegar þetta var, og mætti vera, að einhverra óbeinna áhrifa hafi gætt frá honum til þess, að mér skyldi auðnast að gera hana. Var maður þessi Símon Dalaskáld, sem þá var að vísu gamall orðinn og eitthvað sjúkur á sinni svo að hann gat þá lítið eða ekki ort. Man ég að ég heilsaði honum, þegar ég kom heim, þar sem hann sat á rúmi í baðstofunni og var að rýna í einhver rit líklega eftir sjálfan sig. Leit hann þá upp, tók kveðju minni og spurði mig um nafn og aldur. Varpaði hann þá fram vísu alveg viðstöðulaust og sagði á eftir, að slíkt hefði hann þá ekki getað lengi, og kemur mér nú í hug, að hvor

um sig hafi þarna orðið öðrum að nokkru liði, ég Símoni til þess að geta ort vísu og leyst sig þannig lítið eitt úr álögum, og hann mér til þess að gera þessa umræddu athugun. Og ef til vill mætti eitthvað rekja hér til sambanda, að um þetta leyti eða litlu síðar mun hafa farið að vakna hjá mér einhver löngun til ritsmíða, því að í hjásitunni þetta sumar bjó ég mér til í klettaskoru nokkra aðstöðu til að skrifa. Hafði ég þar sæti úr steini og borð úr steini, en yfir skoruna var reft með steinum og hellublöðum. En sem forboði um það, sem í þessu efni aldrei varð hjá mér nema lítillega, mætti geta þess, að aldrei mun hafa orðið af, að ég skrifaði þarna neitt, og fór mér þar því líkt og þegar ég í eitthvert annað sinn á þessu sumri settist upp á bæjarburst með einhver ritföng í höndum bíðandi þess að geta farið að yrkja. Mun í bæði þessi skipti hafa strandað á því hjá mér, að ekkert var til að skrifa um eða yrkja, og ber hér enn að hinu sama og þar, sem vikið var að varðandi drauma og eftirskynjanir. Alveg eins og draumarnir og eftirskynjanirnar verða skáldverk og aðrar ritsmíðar ekki til án þess að einhver veruleiki sé á bakvið.

Vísan, sem Símon orti um mig, er á þessa leið, og er gildi hennar líklega mest falið í því, að hún segir örugglega til um það, hvenær þetta var:

Vex upp knár og velgefinn, viðmótshýr og stilltur
þrettán ára Þorsteinn minn, það er bezti piltur.

Þorsteinn Jónsson.

TVENNSKONAR SKILNINGSVIÐLEITNI.

Það rifjaðist upp fyrir mér nýlega, að ágætur menntamaður svissneskur, Emil Jucker að nafni, var eitt sinn að fræða okkur Þorstein Jósepsson um það, að í stað þess að horfa út frá kjarna hlutanna, eins og Platon hafi gert, leitist Einstein (hann var þá lifandi og á bezta aldri) við að skilja hlutina utanfrá, og verður af þessu í bezta lagi skiljanlegt, hversvegna takmörkunin hefir verið honum svo kær. Við það að reyna að gera sér grein fyrir heiminum utanfrá aðeins, verður að hugsa sér hann takmarkaðan öfugt við það, sem hlýtur að verða, þegar frá kjarnanum er horft eða hinu einstaka. En þó hefir þetta að leitast við að skilja utanfrá nokkuð til síns ágætis, eins og vikið verður hér að síðar.

Eftir því sem mér hefir skilist, þá hugsaði Einstein sér, að tími og rúm væru eitt og sama, og er dálítið skrítið, að hann skyldi þá vera á sama aldri og ég var, þegar ég einnig hugsaði mér það, eða 26 ára. Vík ég eitthvað að þessum skilningi í

"Samtölum" mínum, en man ekki, hvort ég get þess þar, að í rauninni er þetta skylt þeirri skilningsleiðréttingu, sem Koper-níkus gerði forðum varðandi sólarganginn. Við það að hugsa sig sem áhorfanda sólhverfisins, horfa á það utanfrá, gerði Koper-níkus sér ljóst, að það er ekki sólin, heldur jörðin bústað-ur hans sjálfs, sem hreyfðist og sólarganginum olli, og var það því alveg samskonar og þetta, þegar ég gerði mér ljóst, og lík-lega Einstein líka, að straumur tímans er aðeins hreyfing hlutanna í rúminu og verðandi þeirra í þeim sjálfum. En við það hins-vegar að gera sér ljóst, að heimurinn getur ekki verið takmark-aður og að óendanleikinn hlýtur að vera frumorsök hlutanna, þá hlýtur það einnig að liggja ljóst fyrir, að sumt sem menn eru nú að staðhæfa út frá skilningi Einsteins, er algjör fjarstæða. - Ég lét mér að vísu eitt sinn skiljast á þá leið, að liðinn og ókominn tími væru sem aðrir staðir í rúminu og að ferðast mætti því um tímann, ef aðeins væri nógu skjótfær farkosturinn. En sé betur að gætt, þá má það ljóst vera, að út úr sínum tíma kemst enginn fremur en það að yfirgefa sjálfan sig. Að komast út fyrir tímann væri nákvæmlega hið sama og að tortímast, því að tíminn getur engum verið annað en það að lifa og vera til.

Þorsteinn Jónsson.

DRAUMUR 3/12 1966.

Mér þótti ég ganga upp marga stiga í Þjóðminjasafninu, uns ég kom á efstu hæð og sá þá að ég var kominn einni hæð ofar en ég hafði ætlað. Var þarna loftsalur stór og illa útlítandi. Allt var fullt af rusli, og á veggjum var brúnleit málning víða dottin af. Á vinstri hlið, er upp kom var þiljað af undir súð. Var vegg-urinn þunnur því ég heyrði þaðan mannamál. Fór ég að leggja við hlustir, og heyrði þaðan glöggt orðaskil. Heyrði ég á málróm-nu að gömul kona ræddi við unglíng, sem mér fanst að mundi hafa komið til hennar í heimsókn. Gamla konan sagði á þessa leið. "Hér hef ég nú verið lokuð inni lengi. Og hér er dimmt og rakt og verstur er kuldinn". Eitthvað talaði hún fleira, og lét í ljós þá ósk, að einhver gæti bjargað sér úr þessu illa ástandi. Ég fann löngun til að hjálpa gömlu konunni, en sá ekki ráð til þess í bili. Þóttist ég vita að henni hefði verið komið fyrir þarna uppi á efsta lofti undir þaki, til þess að enginn skildi verða hennar var, því þangað ættu engir erindi. Þóttist ég einnig vita að ekki yrði vel séð, af ráðamönnum, hússins, ef upp kæmist, að ég hefði farið þarna upp.

Fór ég nú niður aftur og út úr húsínu. Gekk ég um stund, unz ég kom í húsagarð stóran. Var þar eitthvert flutningstæki, og var á því allmikill farangur, sem mér þótti dr. Helgi Pjeturss

eiga, því hann væri að flytja. Nú kom hann út að vagninum og fórum við að tala saman. Ég sagði honum frá því, sem ég hefði orðið var á efsta lofti Þjóðminjahússins. Honum þóttu þetta ill tíðindi, og kvaðst mundi fara til ráðamanna og berjast fyrir því, að konunni yrði bjargað úr höndum vondra manna. Rifjaðist þá upp fyrir mér, að ég vissi um annað tilvik nokkuð hliðstætt, og minntist ég á það við Helga. Vissi hann um það einnig, og kvaðst hafa barist fyrir lausn þess máls allengi.

Draumurinn var ekki svo skýr að ég tæki neitt eftir útliti þessa manns, sem mér þótti vera dr. Helgi, nema að hann var hár og grannur.

Ingvar Agnarsson

Dreymt 3. des. 1966.

FUNDAGERÐIR.

Félag Nýalssinna hélt fund að Laugavegi 24, þann 3. okt. 1966. Formaður setti fundinn kl. rúmlega 9 og bauð fundarmenn velkomna. Var rætt um félagsstarfið á komandi vetri og um undirbúning að almennum kynningar- eða umræðufundi, og var í því sambandi minnt á nýlega auglýsingu frá Morgni, tímariti Sálarrannsóknafélags Íslands, þar sem auglýsendur gerðu sig bera að alvarlegri fáfræði um eðli efnisins og gerð hluta.

Síðan urðu umræður um sambandsfyrirbrigði og fleira, og las formaður, Ingvar Agnarsson, upp draum sinn frá sumrinu áður, sem benti til þess að um tvöfalt samband hefði verið að ræða.

Fundi var slitið um kl. 11.15.

Félag Nýalssinna bauð til almenns umræðufundar þann 8. nóv. 1966 að Hverfisgötu 24. Var tilefni hans talin auglýsing sú um "ósýnilegan, gisinn heim" sem Morgunn, tímarit Sálarrannsóknarfélags Íslands hafði látið frá sér fara, í samræmi við hugmyndir andatrúarinnar, spiritismans, en jafnframt skyldi lýsa því að nokkru sem kenning Nýals hefur fram að færa í stað andahyggjunnar. Var Sálarrannsóknarfélagsmönnum boðið til fundarins, og gerð tilboð um jafna aðstöðu, en þeir létu ekki svo lítið að svara, og tók enginn til máls af þeirra hálfu á fundinum. Var fundurinn þannig haldinn án þeirra þátttöku og líktist því mest hinum fyrri kynningarfundum félagsins nema hvað umræðuefni miðaðist nokkuð við hina áminnstu auglýsingu.

Formaður setti fund kl. rúmlega 9 og skipaði Benedikt Björnsson fundarstjóra. Flutti formaður síðan stutt erindi um framlíf, og benti m.a. á veilur í hugmyndum andatrúarinnar. Næstur flutti erindi Þorsteinn Guðjónsson og rakti hann nokkuð hugmyndir andatrúarmanna um viðfangsefni sín, fyrirbrigði þau hin furðulegu, sem ýmsir aðrir bera brögður á og neita að séu til. Rakti Þorsteinn nokkuð hvernig skilningurinn á eðli drauma opnar leið til að skilja miðilfyrirbrigði, jafnframt því sem hann sýndi fram á haldleysi hinna spiritistisku hugmynda eins og þær koma fram í ritum þeirra, og hefur erindi hans þegar verið birt í félagsblaðinu, og sama er að segja um erindi Þorsteins Jónssonar, sem næstur talaði. En á eftir Þorsteini Jónssyni talaði Þ.G. aftur með skuggamyndum sem sýndar voru eftir myndum í spiritistabókum og eru skýringar hans við sumar þær myndir einnig birtar með erindi hans. Einnig voru þarna sýndar stjörnufræðimyndir og spunnust um þær nokkur orðaskipti eða umræður. Ein myndin var af fjarlægri vetrarbraut, fagurlega lagaðri, og sást þar hvernig geimryk hefur safnast saman í nokkurskonar svart band umhverfis þá vetrarbraut. Spurði þá einn fundargesta, Guðmann Sigurðsson að nafni, hvort svarta bandið væri astralplan. En honum var sagt að það væri af efni gert.

Fundarstjóri tilkynnti síðan að myndasýningum væri lokið, og bætti því við, að menn væru búnir að sjá myndir af milljónum hnatta, og að engu skynsamlegra væri að hugsa sér að hvergi væri líf nema hér á jörðu en ef fullyrt væri að aðeins væri líf í einum dropa sjávarsins.

Eftir þetta tóku við umræður, og urðu þær allfjölbreyttar og að ýmsu leyti fróðlegar, en þó varð síðari hluti fundarins ekki með þeim blæ sem ákjósanlegast hefði verið. Olli því truflun nokkur sem ekki varð séð við, en þrátt fyrir þetta lauk fundinum vel og skipulega, og kvað fundarstjóri B.B. svo að orði að hugsun hefði þarna flogið hátt þetta kvöld. Formaður, Ingvar Agnarsson, ávarpaði gesti að lokum og fór nokkrum orðum um tilgang félagsins, og þakkaði mönnum komuna og umræðurnar.

Félag Nýalssinna hélt aðalfund sinn þann 21. febrúar 1967 á Hverfisgötu 21, og byrjaði hann með almennum umræðufundi um efnið: "Kraftur frá stjörnunum", en á eftir voru aðalfundarstörf. Fundurinn hófst um kl. 9.20 með ávarpi formanns, Ingvars Agnarssonar. Vék hann að almennum umræðufundum félagsins á síðastliðnu ári, sem hefðu verið allvel sóttir, en þó hefðu spiritistar ekki látið sjá sig á fundi sem þeim hafði verið sérstaklega boðið á. Þá vék hann að efni þessa fundar, og sagði m.a. að sá kraftur frá stjörnunum sem hér yrði rætt um væri þýðingarmeiri en nokkur annar, því að þar væri um

að ræða kraft frá lífheimum stjarnanna. Formaður sagði síðan frá fundardagskrá og bað Benedikt Björnsson að taka að sér fundarstjórn en Svein Haraldsson að vera ritara.

Síðan flutti Þorsteinn Guðjónsson erindi, sem nefndist Um Félag Nýalssinna, og hefur það síðan verið birt í félagsblaðinu.

Þá flutti Þorsteinn Jónsson erindi, sem hann nefndi: "Kraftur frá stjörnunum", og hefur það einnig birzt í félagsblaðinu.

Þorsteinn Guðjónsson flutti því næst erindi sem hann nefndi Kraftur lífsins. Sagði hann að líforkan væri stigi ofar en rafsegulorka og að lífgeislinn gæti borið rafstrauma á milli. Einnig taldi Þ.G. að til væru möguleikar á að ná merkjum um verkanir líforkunnar upp á tæki.

Ingvar Agnarsson flutti erindi, sem nefndist: "Skýringar á fornri sögn". Var þar tekinn fyrir kafli úr Gyldfaginningu, út frá Nýal, og samanburður gerður á ósigri goðanna þar á stjörnu og því sem nýlega hefur gerzt hér á jörð.

Að loknu erindi Ingvars gaf fundarstjóri, Benedikt Björnsson, orðið laust, og tók þá til máls Ragnar Sturluson. Sagðist hann hafa verið búinn að lesa sum rit dr. Helga Pjeturss. fyrir 20 árum, og hefði það tekið sig nokkurn tíma að átta sig á efni þeirra, en smám saman hefði það orðið sér auðskildara. Voru þeir fáir sem hann hitti, sem guldu jáyrði við kenningum dr. Helga, og þarf ekki að skýra frá þeim viðhorfum, bætti hann við. Menntamenn hefðu þar fátt jákvætt haft til málanna að leggja, og væru yfirleitt ekki til viðtals um þessar kenningar. Þá sagði Ragnar að sig langaði til að vekja máls á útbreiðslu á kenningum dr. Helga. Og í því sambandi sagði hann frá því að Ólafur kennari Magnússon hefði veturinn 1951-1952 fengið sig með sér til þess að þýða á esperanto úr Nýal upphafsritgerðina: Hið mikla samband. Sagði Ragnar það ekki hafa verið auðvelt verk. En leyfi til útgáfu á þýðingunni hefði Ólafur ekki fengið. Lítið brot af þessu hefði þó seinna verið gefið út í litlu riti sem þeir félagar hefðu gefið út. En því sagðist Ragnar hafa orð á þessu, að íslenzka væri mál sem fáir skildu, og enginn hefði orðið til að koma þessu á framfæri erlendis fyrir utan það sem dr. Helgi skrifaði sjálfur. Væri því, sagði hann, gaman að vita, hvort einhver vissi meira um það hvaða möguleikar væru á að koma kenningu Nýals á framfæri við mannkynið.

Fundarstjóri þakkaði Ragnari orð hans, og beindi því til Þorsteins Guðjónssonar, hvort hann vildi ekki segja frá riti sínu. Þ.G. þakkaði Ragnari fyrir fróðlegar upplýsingar, og sagðist einhverntíma hafa séð þetta sem þeir Ólafur Magnússon hefðu

gefið út, og hefði það verið góðra gjalda vert að gera þessa tilraun til að vekja athygli á málefni Nýals erlendis. Einnig hafi verið gerðar aðrar tilraunir í þá átt, sagði hann, og mætti þar nefna að síðastliðið ár hefðu verið gefið út rit á ensku, sem hann væri ritstjóri að og hétu það Interstellar Communication eða samband milli stjarna. Kvaðst Þ. hafa fylgzt nokkuð með því sem skrifað væri erlendis af fyrirburðafraeðingum, sem svo eru kallaðir (parapsychologists), og virtist sér að aðstaða þeirra sem þeim málum vilja gaum gefa hafi á síðustu árum verið mjög að breytast til hins betra. En þeim hefði annars verið gert mjög örðugt fyrir af hendi ríkjandi menntavalds. Tilgangursinn væri að koma hinum nýölsku skýringum á framfæri samfara því sem þessi breyting gerðist. Sagði hann að skrif sín væru mest varðandi fjarhrif og það að áhrifin bærust á milli hnatta.

Fundarstjóri tók nú til máls og lét í ljós ánægju með slíka tilraun til að hafa samband við erlenda rannsóknara, ef verða mætti til aukins skilnings og þess að skynsamlegar tilraunir fengjust gerðar. Þá lét hann þess getið, að gerð hefði verið á sínum tíma sérprentun erlendu greinanna úr Framnýal og þær verið sendar víða. Einnig hefði Nýall verið sendur um 40 erlendum háskólum, og væru þá upptaldar tilraunir sem gerðar hefðu verið til útbreiðslu erlendis. Án þess að ég vilji gera lítið úr þeim tilraunum, bætti B.B. við, þá er þetta mál hugsað og skilið á Íslenzku. Ríður mest á að treysta hér skilning og samstöðu um þetta málefni. Það verður héðan frá Íslandi, sem tekst að ná því sambandi sem miklu stórkostlegra verður en nokkuð sem tekizt hefur fyrir trú og dulrænu, sagði Benedikt, og gat um það að sambandstilraunir væru hafnar á vegum Nýalsinna.

Síðan urðu allmiklar umræður um miðla og sambandsfyrirbæri og tóku ýmsir til máls. Bergsteinn Jónsson stóð upp og kvaðst vilja bera fram fyrirspurn. Mér hefur skilizt sagði hann, að sambandskenningin geri ráð fyrir því, að í öllum svefni sé um samsálun að ræða. Getur það verið að þessi ég, sem svarar í gegnum miðil, sé í mikilli fjarlægð, þegar hann segist vera staddur þarna. Lífgeislinn er svo hraðfara, svaraði Benedikt. Þ.G. sagði að þetta væri sambærilegt við það, þegar þulur í útvarpi segir: Hér er ég. Að vísu væri sá munur að lífsbandoð væri gagnkvæmt, en hvað fjarlægðina snerti væri þetta alveg hliðstætt.

Eftir þetta urðu umræður um drauma og tóku ýmsir til máls, og var einkum rætt um svifdrauma. Helgi Jónsson sagði að sig hefði oft dreymt að hann væri að reyna að svífa af eigin rammleik. En það hefði jafnan farið svo að hann datt eða hrapaði. Fyrir 4 nóttum hefði sig svo enn dreymt svifdraum, og jafnframt minntist hann í draumnum sinna fyrri drauma um

Þetta, en nú brá svo við að honum mistókst ekki flugið. Sagðist Helgi halda, að það væri sjaldgæft að minningar um fyrri drauma komi fram í draumum. Ingvar taldi að svifdraumar bentu yfirleitt til sambands við betri staði.

Að loknum þessum umræðum, sagði fundarstjóri að nú væri komið að aðalfundarstörfum. Las Sigurður Ólafsson, gjaldkeri félagsins, upp reikninga félagsins fyrir árið 1966. Benti hann m á að Nýall hefði nú selzt með mesta móti allt frá útgáfuárinu 1955 að telja, þ.e. selzt betur en nokkurt einstakt ár annað frá útgáfuárinu: 196 sex binda heildir hefðu selzt, en um 900 heildir alls frá byrjun. - Í áætlun um næsta ár gerði Sigurður ráð fyrir 66 þúsund krónum í rekstrarfé, og mundi vanta um 10 þúsund krónur á að endarnir næðu saman, eða líkt og árið áður. Og eins og árið áður hefðu þeir Ingvar komið sér saman um að jafna þann mismun í sameiningu. - Reikningarnir voru samþykktir athugasemdalaust. Þakkaði Sigurður góð viðskipti sín við alla félagsmenn. En fundarmenn þökkðu honum aftur góð störf.

Þá sagði fundarstjóri það næst liggja fyrir að kjósa stjórn félagsins, og kvaðst gera það eindregið að tillögu sinni að stjórnin yrði endurkosin. Var sú tillaga samþykkt þegar með almennu lófataki. Stjórnina skipa því áfram þessir menn: Formaður Ingvar Agnarsson, gjaldkeri Sigurður Ólafsson, ritari Sveinn Haraldsson. Meðstjórnendur Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum og Sveinbjörn Þorsteinsson, endurskoðendur Elsa Vilmundardóttir og Halldór Halldórsson.

Formaður sagðist að lokum vilja þakka fundarmönnum það traust, að hafa kosið sig og aðra stjórnarmeðlimi einu sinni enn. Við munum leitast við að vinna að málefnum félagsins, og er það ekki sízt undir samstarfs vilja komið, hvernig tekst, en hann hefur verið með ágætum.

Var síðan fundi slitið um kl. 11.40.

Fundinn sátu um 20 manns. Á fundinum var samþykktur nýr félagi, Ragnar V. Sturluson, Snorrabraut 42, Reykjavík

Sveinn Haraldsson.

EFTIRMÁLI.

Komið hefir það fyrir, að dráttur á útkomu félagsblaðsins hefir ekki verið mér að kenna, heldur því að staðið hefir á fjölritun þess. En í þetta sinn hefir útkoma þess dregið af því, að ég hefi ekki haft tóm til undirbúnings þess.

Lengi hafa hér ekki birzt neinar fundargerðir, og hefir það stafað af því, að ég hefi ekki haft þær í höndum. Nú get ég ekki borið það fyrir mig, því að í fórum mínum eru nú fundargerðir bæði frá fyrra ári og þessu. Læt ég hér koma nokkurn hluta þessara fundargerða, en geymi sumar þeirra þar til síðar.

Um greinarnar og draumafrásögurnar hefi ég fátt eða ekkert að segja. Ég held að ég fari með allt rétt varðandi frásöguna um gamla athugun mína, en skal geta þess þó, að þegar ég var háttaður og lagstur til svefns eftir heimkomuna úr lambarekstrinum, man ég ekkert eftir gestinum, sem ég get um, og kemur því í hug, að ég kunni því að hafa verið að koma úr einhverri annari ferð, þegar ég heilsaði honum og hann orti vísuna um mig. En rekstraferð þessa fór ég samt 13 ára, því að ég man, að veturinn eftir var hún efni í skóla-ritgerð, sem mun hafa verið mín fyrsta ritsmíð. Og þrettán ára hefi ég verið, þegar vísan var ort.

Ef til vill er rétt að geta þess varðandi grein mína "tvennskónar skilningsviðleitni", að þótt sá skilningur kæmi mér sem opinberun eða lausn, að liðinn og ókominn tími séu sem aðrir staðir í rúminu og að framsæi og forsæi séu því hugsanleg sem fjarskynjanir til þessara staða, þá er hitt þó óhugsanlegt, að maður þannig geti nokkru sinni séð sjálft það, sem liðið er eða á eftir að gerast. Hvað eina, sem er, getur því aðeins verið það, sem það er, að það sé kyrrt í sinni tíð. Það getur ekkert tvennt verið samtímis alveg á sama stað, og því ekkert tvennt verið alveg hið sama, og verður því auðsætt, að atburður, sem einhver skynjaði í gær, getur ekki verið sá sami og einhver, sem gerist á morgunn. Hitt er svo annað mál, að margt tvennt getur verið ástætt og líkt og það þótt hærri tala væri tiltekin.

Greinina Ein merkwürdiges Tramerlebnis und ein Blick in die Zukunft, sem prentuð er í Framnýal, kynni einhverjum að þykja fengur í að lesa eins og hún birtist hér.